

FUNDARGERÐ

380. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 5. október 2016 kl. 9.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Anna Þrúður Þorkeldsdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1/2. Fundurinn í Háskólabíó 28. september / næstu fjórar vikur

Rætt um fundinn og þá og góðu mætingu þar sem á annað þúsund manns mættu og er fundurinn líklega sá fjölmennasti sem eldri borgarar hafa haldið í Íslandssögunni. Beiðni hefur komið frá Háskólanum á Akureyri sem vilja fá fulltrúa á fund um atvinnumál aldraðra í HA – samþykkt.

Rætt um næstu skref FEB varðandi frumvarpið og áherslur nú á lokadögum þingsins og frma að kosningum.

- Reglan þarf að vera að að skattar og skerðing fari ekki yir 50%
- Frumvarpið; hvað er hægt að gera til þess að það fái á sig þá mynd sem FEB telur að þurfi til lagfæringa á kjörum.

Ákveðið að vinna meira úr upptöku af fundinum þ.e. hvað kom fram í máli einstakra fulltrúa hvers flokks.

3. Staða mála í Árskógum félagsleg og verkleg

Félagslegi þátturinn enn í mótun en helsti þröskuldurinn er „aldursmunur“.

Haldið verður upp á 20 ára afmæli félagsstarfsins í Árskógum nú á næstunni og er þar vænst þátttöku FEB.

Verklegar framkvæmdir vegna byggingar við Árskóga standa þannig að verið er að ljúka greftri og fyllingar grunns. Veitur þurfa að færa rör og eru þau mál í vinnslu. Ljóst er þetta mun tefja allar frekari framkvæmdir.

4. Könnun félagsins á framlagi eldri borgara til samfélagsins

Niðurstöður könnunarinnar kynnt lauslega, Niðurstaða rannsókna kemur síðan í nóvember. Samfélagsbreyting síðustu 10 ára kemur glögg fram í niðurstöðum skýrslunnar. Gerð verður grein fyrir helstu niðurstöður könnunarinnar í næstu Félagstíðindum og svo kynnt betur síðar.

5. Á döfinni í haust

Sviðaveisla 5. nóv., Aðventugleði 8. des., „Skapandi skrif“ í nóv., Djöfleyjan – leshópur, spjall við höfundinn og leikhúsfærð í október, „Akstur á efri árum“ fimmta námskeiðið í samstarfi við Samgöngustofu verður auglýst fljótlega.

6. Starfsmannamál

Farið yfir skiptingu starfsmanna og störf hvers um sig. Vegna mikillar fjölgunar félagsmanna og aukinnar starfsemi er fulljóst og mikil jákvæðni fyrir því að fjölga þurfi starfsfólki hjá félaginu upp í þann fjölda sem var hér fram til ársins 2014. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri taki málið að sér.

6. Félagsmannafjöldi

Félagsmenn er nú 10.500 talsins og hafa aldrei verið fleiri í sögu félagsins. Fjölgun um 1000 manns umfram látna / hætta frá því í okt. 2015. Innheimtuhlutfall félagsgjalda er líka það hæsta um 97%.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.